

Jólablað Völsungu



Harri Harri

2021

Framkvæmdastjóri/aðalstjórn

Árið 2021 líður senn undir lok og kveðjum við Völsungar það með bros á vör. Innan félagsins er boðið uppá öflugt starf leitt áfram af öflugum sjálfbóðaliðum við krefjandi aðstæður sem skapast hafa sökum Covid 19. Takmarkanir hafa sett svip sinn á starfsemi félagsins en metnaður og fórnfýsi sjálfbóðaliða hafa séð til þess að starfsemi félagsins hefur haldist stöðug, af því getum við verið stolt. Völsungur er sameiningartákn Húsavíkur og mikilvægt að innan okkar raða sé rekið öflugt starf samfélaginu til bóta.

Aðalfundur félagsins var haldinn seinna en vanalega eða 21. júlí og skýrist það að mestu vegna Covid. Úr aðalstjórn gengu Heiða Elín Aðalsteinsdóttir og Ásta Hermannsdóttir og fyrir hönd félagsins þökkum við þeim fyrir störf sín fyrir félagið. Um þessar mundir er aðalstjórn skipuð Davíð Þórólfsyni(formanni), Jónu Björgu Pálmadóttur(gjaldkera), Lilju Friðriksdóttur(meðstjórnanda), Hilmar Val Gunnarssyni(meðstjórnanda), Erlu Bjarnadóttur(meðstjórnanda) og Björgvini Sigurðssyni(varamanni). Fundir aðalstjórnar á árinu hafa verið 19 talsins, en aðalstjórn fer með yfirstjórn félagsins.

Skrifstofa félagsins er rekin sem áður í félagsaðstöðu Völsungs í vallarhúsinu. Á vormánuðum var Bergur Jónmundsson ráðinn á skrifstofuna til að leysa af Jónas Halldór Friðriksson sem fór í barneignaleifi. Bergur hefur sinnt ýmsum störfum á skrifstofu félagsins og viljum við nýta tækifærið og þakka honum fyrir sitt starf fyrir félagið.

Nú í desember var loks settur af stað starfshópur sem hefur það markmið að samþætta skóla-, íþrótt- og tómstundastarf krakka frá efstu tveimur árgöngum í leikskóla upp í 4. bekk í grunnskóla. Þetta er stórt verkefni sem verður lögð áhersla á núna á vormánuðum og haustið 2022 er stefnt á að unnið verði eftir niðurstöðu starfshópsins. Það er von Völsungs að þetta verkefni muni efla enn frekar starf félagsins og um leið stuðla að aukinni hreyfingu barna í okkar samfélagi.

Félagsmenn eru ómissandi í starfi öflugs íþróttfélags og erum við heppin að eiga stóran hóp félagsmanna innan okkar raða. Allir félagsmenn 18 ára og eldri fá send félagsgjöld og fylgir öllum greiddum gjöldum félagskort sem veitir afslátt hjá styrktaraðilum félagsins á Húsavík. Líðlega 1000 aðilar eru á félagaskrá Völsungs og hefur verið mikil aukning þegar kemur að greiðslu félagsgjaldsins. Haldið verður áfram með félagskortin og munu ný kort skila sér inn til allra þeirra sem greiða félagsgjöldin á nýju ári. Viljum við nota tækifærið og þakka öllum félagsmönnum fyrir þeirra framlag til félagsins í gegnum tíðina.

Við krefjandi aðstæður eins og félagið er rekið í um þessar mundir er ómetanlegt að eiga góða sjálfbóðaliða, iðkendur og öfluga stuðningsaðila. Án þessara aðila væri starf félagsins mun fátækara. Starfið er rekið áfram af metnaði og markmiðið að bjóða uppá fjölbreytt starf fyrir ungmenni og auka hreyfingu þeirra ár frá ári. Að auki er mikill metnaður lagður í afreksstarf félagsins og getum við verið stolt af því að geta mætt út á knattspyrnuvelli og í íþróttahöllina á kappleiki til að horfa á vasklega framgöngu Völsunga. Það eru lífsgæði sem við getum verið stolt af.

Að lokum viljum við nota tækifærið og óska öllum iðkendum, sjálfbóðaliðum, félagsmönnum og styrktaraðilum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Við horfum björtum augum á árið 2022 og megi það verða Völsungum öllum farsælt bæði innan sem utan vallar.

Við erum jú öll Völsungar.

Aðalstjórn Völsungs sendir Völsungum nær og fjær bestu óskir um gleðileg jól og þakkar stuðninginn og samfylgdina á árinu sem er að líða.




Jólakveðja, aðalstjórn

Óskum Völsungum og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum liðin ár.



Áramótabrenna og flugeldasýning

| Kveikt verður í áramótabálkesti kl 17:00 á gamlársgöngu.

| Brennan er staðsett fyrir neðan Skjólbrekku.

| Viðburðurinn verður auglýstur á vefsíðu Norðurþings þegar nær dregur.



FRÍSTUNDA STYRKUR

Niðurgreiðsla á
skipulögðu íþróttá- og
tómstundastarfi

fyrir börn 2 - 18 ára með
lögheimili í Norðurþingi

SPORT-LEISURE SUBSIDY

For children with domicile in
Norðurþing ages 2 - 18yrs

www.nordurthing.felog.is

www.volsungur.felog.is

Ketilsbraut 7 - 9 640 Húsavík / 464 6100
www.nordurthing.is / nordurthing@nordurthing.is



Náttúrustofa á Hafnarstétt
óskar Þingeyingum gleðilegra
jóna og farsældar á nýju ári.



N á t t ú r u s t o f a
N o r ð a u s t u r l a n d s

Íþróttafólk Völsungs 2020



Íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2020 var haldið með nokkuð breyttu sniði en undanfarin ár sökum samkomutakmarkana. Verðlaunin voru veitt í vallahúsinu að viðstöddum þeim sem þau hlutu. Það er Íslandsbanki sem gefur verðlaunin líkt og undanfarin ár og þökkum við þeim fyrir stuðninginn.

Að þessu sinni bárust tilnefningar frá fjórum deildum félagsins til íþróttafólks Völsungs. Tilnefningar bárust frá boccia, blaki, knattspyrnu og almenningsíþróttadeild.

- Anna María Bjarnadóttir var bocciakona 2020
- Arney Kjartansdóttir var blakkona 2020
- Ágúst Sigurður Óskarsson var langhlaupari 2020 frá almenningsíþróttadeild
- Ásgrímur Sigurðsson bocciamaður 2020
- Elvar Baldvinsson var knattspyrnumaður 2020
- Guðrún Þóra Geirsdóttir var knattspyrnukona 2020
- Hjalti Karl Jónsson var blakmaður 2020

Að lokinni kosningu voru það Elvar Baldvinsson og Guðrún Þóra Geirsdóttir sem voru valin íþróttamaður og íþróttakona Völsungs fyrir árið 2020. Virkilega flottir fulltrúar félagsins sem gerðu það gott á árinu 2020 og voru Völsungi til sóma jafnt innan sem utan vallar.



Óskum starfsfólki okkar,
fjölskyldum og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



GPG
SEAFOOD

Jólahugvekja sóknarprests

Í gær sá ég ókunnugan mann.
Ég lagði mat á borð
hellti vatni í glas
lék ljúfa tónlist honum til ánægju.
Í nafni heilagrar þrenningar
blessaði hann mig og húsið mitt,
bú og ástvini alla,
og lævirkinn söng í hreiðri sínu:
Oft, oft, oft
kemur Kristur
dulbúinn sem ókunnugur maður.
(Celtic Daily prayer)



Þessi fallegu orð minna á og vísa til þess að Guð vitjar okkar.

Við höldum jól, fögnum og þökkum, að æðri máttur, kærleiksafli sem er sterkara en við sjálf, já sterkara en sjálfur dauðinn, kom í heiminn sem barnið og drengurinn Jesú. Guðspjöllin segja frá fæðingu hans, lífi og störfum, dauða og upprisu. „Sjá ég er með yður, alla daga, allt til enda veraldar“ sagði Jesú við lærisveina sína að lokum. Hann er með okkur í heilögum anda. Kærleiksandi Guðs býr í þér og mér. Stundum blæs hann sterkt og stundum líkt og léttur andvari. En líklega skynjum við hann sterkast þegar við kyrrum hugann, öndum að okkur friði og öndum frá okkur amstri og áhyggjum. Stundum er besta gjöfin sú, að taka frá stund, í kyrrð og ró, til að nálgast Guð, sem er um og yfir og allt um kring.

Hann er upprisinn og við lifum í birtu þess atburðar. Í birtu vonarinnar um eilíft líf með Guði og endurfundi með ástvinum. En lífið með Guði hefst um leið og við drögum andann í þessari veröld, dauðinn er svo aðeins kaflaskil.

Pangað til það verður, meðan Guð gefur lífdaga á jörðu, skulum við hafa opin augu og hjörtu sem sjá og skynja og finna til og við skulum hafa fúsar hendur til að vinna kærleiksverk og sýna umhyggju. Hvort sem það er ferðamaðurinn sem kemur hér í bæ og við sýnum gestrisni, eða einmana nágranni sem við litum inn til á tímum Covids og samkomubanna, eða andstæðingur í íþróttakappleik.

Sérðu ekki oft anda kærleikans í augum samferðafólks þíns?

„Því oft, oft, oft kemur Kristur dulbúinn sem ókunnugur maður.“

Já Guð kom í heiminn sem barnið Jesú, til að frelsa þig og gefa þér líf í von. Megi svo vera og Guð gefi þér gleðileg jól.

*Bragðið sem byr
til jólin*

Þegar kemur að jólasteikinni koma málamiðlanir ekki til greina. Þess vegna stólar fólk á okkur því þannig gengur það að gæðunum vísunum. KEA hamborgarhyggurinn er sérlega safaríkur, bragðgóður og úr fyrsta flokks hráefni.



Boccia

Bocciadeild Völsungs – árið 2021

Undarlegt ár í meira lagi? Covid hélt áfram að valda usla í landinu og hafði veruleg áhrif á starfsemi deildarinnar strax í upphafi ársins eins og annað íþróttastarf. Sóttvarnarreglur hömluðu að hægt væri að halda uppi eðlilegu íþróttastarfi og æfingar lágu niðri vikum og mánuðum saman.

Í upphafi árs fengu engu að síður félagar í Bocciadeildinni viðurkenningar, Ásgrímur Sigurðsson og Anna María Bjarnadóttir voru valin Bocciá-fólk Völsungs 2020. Voru þau vel að þessum viðurkenningum komin.

Öll mót voru líka slegin af á fyrri hluta ársins. Fyrst okkar hefðbundna og skemmtilega Húsavíkurmót, árlegt fjáröflunarverkefni deildarinnar með stuðninginn þátttöku bæjarbúa svo og Kiwanismanna. Sama var með Íslandsmótið liðakeppni í Reykjavík sem halda átti í apríl. Þá var hið árlega Hængsmót á Akureyri einnig felld niður.

Við reyndum þó að halda uppi æfingum fyrstu vikurnar á nýju ári en síðan voru reglur aftur hertar og starf í deildinni aftur í lamasessi og hökti þannig fram að sumarleyfi.

Sumarið var tíðindalaust hvað varðaði starfið hjá Bocciadeildinni.

Þegar haustaði var speningur orðinn all nokkur með að geta aftur hafið æfingar og keppni. Æfingar hófust svo af lafandi í byrjun september og gætt að sóttvarnarreglum eins og boðað var. En engu að síður voru reglur það strangar að Íslandsmótið í einstaklingskeppni sem halda átti á Selfossi í október var slegið af vegna fjöldatakmarkanna, voru það mikil vonbrigði.

Var þá brugðið á það ráð að boða til Norðurlandsmóts í staðinn sem rúmaðist innan takmarkanna, var það haldið á Akureyri 23. október. Á mótið mættu öflugar sveitir frá Völsungi og sýndu og sönnuðu að þær stóðust samanburð við önnur félög, 4 sveitir af 7 komust upp úr riðlakeppninni og að lokum vann B-sveit Völsungs bronsið, hana skipuðu þeir Ásgrímur Sigurðsson og Vilberg Lindi Sigmundsson.

Enn er æft að fullum krafti í þeirri von að Covid hafi minni áhrif en á liðnu ári og stefnt að Húsavíkurmóti 27. febrúar n.k. í Íþróttahöllinni og síðan stefnan tekin á Íslandsmót í Reykjavík í apríl og vonandi gefast fleiri spennandi tækifæri á árinu fyrir okkar frábæra og kappsama bocciá-hóp.

Það hafa bæst við nokkrir ungir iðkendur í hópi fatlaðra þannig að hópurinn er að stækka þó alltaf einhverjir af eldra liðinu hætti að æfa. Sama má segja með eldri borgara sem hafa æft í Höllinni en síðasta ár var þeim erfitt og lágu æfingar að stórum hluta niðri s.l. vetur, en hófust reglulega aftur nú í haust. Nokkrir úr þeim hópi hafa ekki skilað sér aftur og er Covid kennt um.

Enn og aftur minni ég á, að til að Bocciadeild Völsungs geti haldið uppi öflugum starfi þarf gott bakland og fórnfusa sjálfbodaliða, því auglýsum við eftir nýju og áhugasömu fólki til að taka við merkinu og vinna með frábæru fólki og efla enn frekar íþróttastarf fatlaðra í Völsungi.

Að lokum óskar Bocciadeildin öllum iðkendum, stuðningsaðilum og öðrum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir allt liðið.

**Gleðileg jól, og farsælt komandi ár.
f.h. Bocciadeild ÍFV/Egill Olgeirsson, form.
Gsm: 892 4133 Netf: egops@simnet.is
f.h. Bocciadeildar
Egill Olgeirsson, formaður**



fv. A-sveit Völsungs, brons, C-sveit frá Eikinni, gull og D-sveit frá Eikinni, silfur.



Iðkendur Bocciadeildar slappa af í Jarðböðunum í Mývatnssveit.



*SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA
ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM,
VELUNNURUM
OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM
GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI.*

*SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA.*



SPARISJÓÐUR

Suður-Þingeyinga



BJJ



Brasilískt Jiu-Jitsu (BJJ) er ein vinsælasta bardagaíþrótt heims um þessar mundir og nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi. Íþróttin flokkast sem uppgjafarglíma þar sem markmiðið er að stjórna andstæðingnum og yfirbuga með ýmsum tökum, lásnum og hendingum. Íþróttin var upphaflega hönnuð til að gera smærri og veikbyggðari einstaklingum kleift að yfirbuga stærri og sterkbyggðari andstæðinga með tækni og vogarafli að vopni. BJJ er því einnig öflug sjálfsvörn og frábær líkamsrækt.





Undir lok árs 2020 var undirrituðum farið að klæja í fingurgómana fyrir að glíma hvern við annan svo ákveðið var að fjárfesta í dýnum og koma á fót aðstöðu til glímuiðkunar í litla salnum í íþróttahöllinni. Í febrúar 2021 var stofnuð glímudeild innan Völsungs sem taldi þá þrjá iðkendur. Nokkrum mánuðum og tveimur grunnnámskeiðum síðar hefur deildin stækkað jafnt og þétt og hafa 24 iðkendur, sex konur og 18 karlar, stigið fæti á dýnurnar en alla jafna mæta um 10 manns á æfingar.

Æft er á mánudögum og miðvikudögum auk þess sem svokallað „open mat“ er á laugardagsmorgnum en þá geta iðkendur og aðrir utanaðkomandi mætt og glímt, prófað sig áfram með ýmiskonar tækni eða einfaldlega horft á. Undirritaðir vilja hvetja áhugasama til að nýta sér „open mat“ til að fá smjörþefinn af sportinu. Engin krafa er gerð um fyrri reynslu og iðkendur eru aldrei í „of lélegu formi“ til að byrja að æfa. Enda var þetta sport upphaflega hannað fyrir veikbyggðari einstaklinga.

Ef þið viljið prófa eitthvað nýtt, læra að verja ykkur og komast í gott form um leið þá mælum við eindregið með að þið hafið samband og kynnið ykkur starfseminu betur. Svo er þetta alveg ótrúlega gaman.



Þjálfarar

Andri Dan Traustason

Kristján Gunnar Óskarsson

Ólafur Ármann Sigurðsson

bjjhusavik@gmail.com

Facebook: Brazilian Jiu-Jitsu – Bardagaíþróttadeild Völsungs

Instagram: [bjj_volsungur](#)



Yngri flokkar í knattspyrnu



Barna- og unglíngaráð í knattspyrnu heldur utan um rekstur yngri flokka Völsungs í knattspyrnu. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingargjalda og ráðningu þjálfara.

Ráðið er skipað þremur til fimm fulltrúum foreldra eða áhugasólks um knattspyrnu. Núna skipa ráðið Ragnar Hermannsson (formaður), Guðrún Þórhildur Emilsdóttir (gjaldkeri), Valgeir Sigurðsson (aðfluttur) og Benedikt Þór Jakobsson Brolin (utanbæjamaður, nýfluttur í norðurbæinn). Þið sjáið að við höfum pláss fyrir fleiri í ráðið, áhugasömum er bent á að setja sig í samband. Þá situr framkvæmdarstjóri Völsungs fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn Völsungs, einnig situr yfirmaður knattspyrnumála fundina. Töluverðar manna breytingar hafa orðið í ráðinu á árinu en þær stöllum Kristjana Lilja Einarisdóttir og Linda Hrönn Arnþórsdóttir komust á eftirlaun núna í nóvember eftir langa setu. Þeim er þakkað innilega fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Yfirmaður knattspyrnumála, Jóhann Kristinn Gunnarsson lét einnig af störfum í október síðastliðnum og sendum við honum hugheilar þakkir fyrir vel unnin störf á hans ráðningartímabili, ásamt kærum þökkum fyrir samstarfið. Yfirmaður Knattspyrnumála á að auka gæði starfsins og vinna með meðlimum barna- og unglíngaráðs, þjálfurum og framkvæmdarstjóra.

Það hafa orðið töluverðar breytingar í þjálfarateyminu á árinu, við misstum þónokkuð af þjálfurum í haust og nokkuð strembið að manna allar stöður. Það tókst þó að lokum en ef einhver þarna úti er áhugasamur/söm þá endilega hafa samband, við höfum alltaf pláss fyrir gott fólk, sem betur fer þá höldum við enn í nokkra gamla „hunda“ sem eru gríðarlega mikilvægir fyrir okkar starf. Barna- og unglíngaráð leggur mikla áherslu á að þjálfarar afli sér menntunar og sitji KSÍ námskeið, með því er hægt að bjóða uppá öflugt og faglegt knattspyrnustarf. Ráðið fékk til sín fitness þjálfara haustið 2019, hana Jónu Birnu Óskarsdóttur og hefur hún verið mikill fengur fyrir starfið. Vinna hennar á þessum Covid tímum hefur verið mjög mikilvæg. Við teljum að þjálfarar okkar hafi gert eins vel og hægt var að gera á þeim tímum sem ekki var hægt að stunda venjulegar æfingar með því að senda heim hugmyndir af heimaæfingum og halda þannig starfinu gangandi.

Við hlökkum mikið til að fá nýtt ártal í skógræktina og sjá veiruna slaka greipinni svo eðlileg ástundun og mótahald geti haldið áfram, börnin okkar þurfa það. Höldum áfram að styðja flott fótboltastarf í öllum flokkum bæði yngri- og meistaraflokkum því ef við vinnum öll saman verður starfið betra.

Barna- og unglíngaráð óskar Völsungum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

F.h. barna- og unglíngaráðs, Ragnar Hermannsson formaður.

Gleðileg jól
farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Bílabjónustan ehf.
Garðarsbraut 52 - 640 Húsavík
Sími 464 1122





Gleðileg jól

og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.





*Þekkingarnetið
á Hafnarstétt
óskar Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.*



Þ e k k i n g a r n e t
Þ i n g e y i n g a



VÖLSUNGSVÖRURNAR FRÁ



FÁST Í

SKÓBÚÐ

HÚSAVÍKUR

Starfsfólk ÍSFELL
óskar öllum gleðilegra
jóna og farsældar
á komandi ári.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Óskum öllum
Völsungum gleðilegra
jóna og farsældar
á nýju ári.



ENOR



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



FAGLAUSN

Skíðaganga

Síðasta gönguskíðatímabil var mjög gott með góðu veðri. Við sáum metfjölda á skíðum frá Húsavík og víðsvegar af landinu, við erum mjög ánægð með það. Eitt af markmiðum okkar er náð sem var að gera skíðasvæðið okkar vinsælt á Íslandi.

Fyrstu spor voru gerð í desember og héldust fram í maí.

Þrátt fyrir allar takmarkanir á þessu tímabili tókst okkur að halda annað af tveimur fyrirhuguðum gönguskíða námskeiðum fyrir heimafólk með Sigurgeiri Stefánssyni. Við munum gera okkar besta til að skipuleggja annað námskeið á komandi tímabili.

Síðastliðið vor stóðu Fosshótel Húsavík ásamt fagkennurum í fyrsta skipti fyrir gönguskíðanámskeiðum sem voru mjög vel sótt. Um 200 manns komu á skíðasvæðið okkar til að læra á skíði og voru allir ánægðir með veruna hér.

Því miður urðum við að aflýsa Buch-Orkugöngunni annað árið í röð vegna Covid takmarkana, en við erum mjög bjartsýn á að geta haldið Buch-Orkugönguna 9.-10. apríl 2022.

Buch-Orkugangan er hluti af Íslandsgöngunni sem er í gangi um allt Ísland. Þeir sem vilja sameina skíðagöngu með því að heimsækja aðra staði á Íslandi og skemmta sér er hjartanlega velkomnið að taka þátt í öðrum hlutum Íslandsgöngunnar. Það skiptir ekki máli hversu góður eða hvaða reynslu þú hefur af gönguskíðum, þetta er fyrir alla.

Fylgstu með Facebook síðu okkar, Skíðagöngudeild Völsungs, fyrir allar nýjar upplýsingar og ef þú hefur einhverjar spurningar um skíðagöngu er þér hjartanlega velkomnið að senda okkur skilaboð og við munum gera okkar besta til að svara.

Daglegar uppfærslur um aðstæður og skíðaspor verða birtar á Facebook-síðu Skíðasvæðis Norðurþings.

Bjartsýn og brosandi hlökkum við til að sjá ykkur öll á skíðum!

Aija Kotleva

Fyrir hönd Skíðagöngudeildar Völsungs





Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

Göngustígurinn við Stangarbakkann iðar af lífi þegar gangandi, hlaupandi og hjólandi vegfarendur njóta útiveru, ferska loftins og útsýnisins yfir flóann og Kinnarfjöllin. Hljómar gongsins berast útum glugga í friðsælum jóгатíma og fagnaðarlæti heyrast úr heilsuræktinni þegar fyrstu upphýfingunni er náð, ljóðrænt og fallett ekki satt?

Ef það er eitthvað sem síðustu bráðum tvö ár hafa kennt okkur þá er það að hreyfing skiptir máli, tómstundir skipta máli og að njóta samveru með fólkinu okkar skiptir máli. Þegar þetta er tekið af okkur gegn okkar vilja þá finnum við ansi fljótt hvað þessir einföldu hlutir sem við töldum sjálfsgöða gera mikið fyrir okkur, bæði sem einstaklingar og hluti af fjölskyldu eða hópi.

Núna þegar við erum að sigla inní dimmasta tímann er vert að minna á að sinna sjálfinu, gleyma ekki að anda að sér ferska loftinu og njóta með fólkinu sem stendur okkur næst.

Ein leiðin sem sveitafélagið hefur farið sem stuðlar að aukinni þátttöku í skipulögðu íþrótt- og/eða tómstundastarfi fyrir börn er frístundastyrkur sem á sér stutta sögu hjá Norðurþingi, en er málaflokkur sem hefur verið bætt í jafnt og þétt frá upphafi. Styrkurinn er fyrir öll börn á aldrinum 2ja-18 ára og var nýverið samþykktur í 17500kr fyrir komandi ár, 2022. Ég hvet ykkur öll sem lesið og eruð með börn á framfæri að nýta styrkinn!

Að lokum óska ég ykkur gleðilegrar hátíðar og það er mín von að allir eigi dásamlegar samverustundir úti sem inni og gleymi ekki að staldra aðeins við og njóta.

Ásta Hermannsdóttir
starfandi íþrótt- og tómstundafulltrúi
Norðurþings

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.




Gleðileg jól
farsælt komandi ár.





*Óskum Völsungum
nær og fjær gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.
Þökkum viðksiptin
á árinu sem
er að líða.*



GEOSEA

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



HÖFÐAVÉLAR ehf.

Óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Sig Illugason
Málakameistari - Sími: 8942707

Grímur vélsmiðja
óskar öllum Völsungum
nær og fjær
gleðilegra jóla.



Garðarsbraut 48 • 640 Húsavík
Kennitala 560390-1309 • Vsk.nú, 22806
Sími: 464 1055 • Fax: 464 2055



Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin
á liðnu ári.



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



HÁRIÐJAN
Ella

Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Óskum Völsungum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



SAH BRETTI - Urðargærði 1 - 640 Húsavík
Símar: 464 1020 & 864 1020 - Kt.: 650808-2230

Gleðileg jól
farsælt
komandi ár.
Þökkum
viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Skorum með
þrumuskotum
á nýju ári.



**Jólagjöf
veiðimannsins**

Þakkir til þín

Enn og aftur hafa íþrótt- og æskulýðsfélög þurft að skerða starf sitt á árinu vegna áhrifa covid-19 á samfélagið. Æfingar og mót hafa verið felld niður með tilheyrandi kostnaði fyrir alla aðila, hvort sem það er fjárhagslegur kostnaður fyrir félögin eða félagslegur kostnaður fyrir iðkendur og aðstandendur.

Að taka þátt í félagsstarfi íþróttafélaga er í senn krefjandi og gefandi. Við hvetjum iðkendur til áframhaldandi þátttöku því forvarnargildi íþróttar er margfalt, hvort sem er fyrir líkamlega, andlega eða félagslega heilsu. Við þjálfara, sjálfbóðaliða og aðra þá sem standa við bakið á starfinu viljum við segja TAKK með óskum að þátttaka ykkar verði öðrum hvatning til þess að taka þátt í skemmtilegri hreyfingu.

Héraðssamband Þingeyinga

Sendir Þingeyingum öllum hlýjar íþrótt- og jólakveðjur

Með ósk um gróskumikið starf á nýju ári og þakklæti til þeirra sem taka þátt í íþróttahreyfingunni

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.

Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Íþróttaskóli Völsungs



Íþróttaskóli Völsungs er orðinn löngu orðinn fastur liður hjá mörgum fjölskyldum á laugardögum yfir veturinn. Tímarnir eru ætlaðir börnum á leikskólaaldri og miða að því að bæta almenna hreyfifærni, samhæfingu, úthald og styrk ásamt því að undirbúa börnin undir hinar ýmsu íþróttagreinir og íþróttakennslu. Foreldrar fylgja börnunum í tíma og taka þannig virkan þátt í fyrstu skrefum barnanna í íþróttahúsinu. Starfsemi íþróttaskólans vorið 2021 var líkt og annirnar tvær á undan háð Covid takmörkunum, en fjöldi barna í tíma var háður fjölda foreldra hverju sinni. Skráningarskylda var tekin upp til að auðvelda takmörkun fjölda og til að auðvelda vinnu ef upp kæmi um mögulegt smit í tímum.

Skráning og þátttaka á vorönninni fór fram úr björtustu vonum, en haustið 2020 var metskráning í námskeiðið 56 börn. Vorönn 2021 voru 74 börn skráð í námskeiðið, sem telur rúmlega helming allra barna á leikskólanum á Húsavík. Vert er þó að taka fram að íþróttaskólinn hefur ekki verið í boði fyrir yngsta árgang leikskólans. Skráning barna í dreifbýli kringum Húsavík var einnig góð og gaman að sjá börn og foreldra koma úr sveitum til að nýta sér námskeiðið.

Eins og fyrr segir var tekin upp skráningarskylda á Facebook síðu íþróttaskólans og gekk hún mjög vel. Foreldrar eiga mikið hrós skilið fyrir að skrá börnin í tímana en það auðveldaði alla framkvæmd til muna. Engir tímar féllu niður vegna Covid en við tókum okkur tveggja helga páskafrí mánaðarmótin mars/apríl og síðasti tíminn fyrir sumarið var 15. Maí. Þjálfarar á vorönn voru Ísak Már og Selmdís.

Í haust tók Blakdeild Völsungs við af Selmdísi sem fór í barneignarfrí, en fyrir hönd blakdeildarinnar hefur Guðrún María Guðnadóttir séð um tímana. Haustið hefur farið mjög vel af stað en við höfum verið mjög heppin með tímana okkar sem við höfum getað haldið án takmarkana. Vegna óvissuástands felldum við niður tíma eina helgi en höfum þess utan getað haldið okkar striki. Skráningin á haustönninni hefur að sama skapi verið frábær, en í lok nóvember voru 60 börn skráð í námskeiðið. Við þökkum börnum og foreldrum kærlega fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og óskum öllum Völsungum nær og fær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!

Hlökkum til að sjá ykkur í janúar!

Jólaeveðja, Ísak Már, Selmdís og Guðrún María.

Óskum öllum Völsungum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Garðarshólmi
∞ 1961 ∞



Óskum Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á liðnu ári.

FISKELDID
HAUKAMÝRI

Gleðileg Jól

*Kea óskar félagsmönnum
sem og samstarfsaðilum sínum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*



KEA

Hlaupahópurinn Skokki 2021

Hlaupahópurinn Skokki hélt áfram virkri starfsemi á árinu 2021. Formlegar æfingar voru tvisvar í viku líkt og verið hefur undanfarin ár. Aðeins einn hlaupaviðburður hefur verið haldinn á vegum hópsins frá útgáfu síðasta Jólblaðs Völsungs en það var Gamlárshlaupið. Botnsvatnshlaupið sem haldið hefur verið á Mærudögum undanfarin ár féll hinsvegar niður að þessu sinni. Sökum sóttvarnaráðstafana var framkvæmd Gamlárshlaupsins breytt stórlega frá fyrri árum. Þátttakendur höfðu nokkra daga til að ljúka hlaupinu en tímatakan fór fram með hjálp snjallforritsins Strava. Þessi tæknivædda aðferð til hlaupahalds mældist vel fyrir og tóku að minnsta kosti 30 manns þátt.

Hlauparar í Skokka voru að vanda iðnir við að breyta út af vananum og hlaupa hér og þar um Þingeyjasýslur. Má þar nefna að farið var umhverfis Mývatn á Föstudaginn langa. Af öðrum hlaupaferðum má nefna Hvammsheiði, Hellnasel, Útkinn og Tunguheiði.

Hlaupahópurinn Skokki óskar Völsungum nær og fjær gleðilegra jóla og heillaríks nýs árs.



Óskum Völsungum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.

- Áfram Völsungur -



BYGGÐU MEÐ BELKOD

Einingahús
frá Mjöbäcksvillan

Gólfhitakerfi
frá Legalett

Sökkulkerfi
frá Legalett

BELKOD

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar!

Belkod ehf. | Gardarsbraut 39 | www.belkod.is




**KOMA SVO
GRÆNIR.**
ÞETTA ER EKKI BÚID!

Græn skref í átt að betri framtíð
WWW.NORTHSAILING.IS


NORÐURSIGLING
SÍÐAN 1995

Opnunartími í sundlaug Húsavíkur yfir hátíðirnar



Þorláksmessa: 06:45 - 18:00
Aðfangadagur: 10:00 - 13:00
Jóladagur: Lokað
Annar í jólum: 10:00 - 13:00
Gamlársdagur: 10:00 - 13:00
Nýársdagur: Lokað

Aðra daga er hefðbundinn
opnunartími



Norðurþing Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík nordurthing@nordurthing.is

Óskum Húsvíkingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs.



STEINSTEYPIR

STEYPA - JARÐVINNA - KJARNABORANIR - MÚRBROT

Blak



Barna og unglingastarf blakdeildar Völsungar árið 2021

Yngriflokkastarfið hefur vaxið gríðarlega milli ára. Við ákváðum í fyrsta skiptið að bjóða 1.-3. bekk að æfa og var því strax vel tekið og skráðu sig um 20 börn á þessum aldri til leiks. Í heildina hefur fjöldi iðkenda frá 6-16 ára aukist úr u.þ.b. 40 í rúmlega 70.

Það hefur komið skemmtilega á óvart hvað hægt er að gera fjölbreyttar æfingar í blaki fyrir þau yngstu og er þá notast bæði við mjúka blakbolta en einnig aðra hluti svo sem blöðrur til að kenna grunntækni og samhæfingu.

U8 ára

Mótahald reyndist erfitt á árinu sökum Covid-19 en eitthvað var um mót og hér er stiklað á stóru.

Árið hófst með Héraðsmóti í janúar sem við höldum hér á Húsavík þar sem 140 krakkar frá 5 félögum á Norðurlandi Eystra tóku þátt.

Í febrúar stóð Blaksamband Íslands fyrir bikarmóti yngri flokka og þar sendum við tvö lið í flokki U14 stúlkna og eitt gestalið í flokki U15 drengja.

Liðin stóðu sig með mikilli þrýði og náði U14 ára stúlknaliðið okkar í brons.

Í mars var það svo Héraðsmót á Siglufirði þar sem 30 Völsungar á aldrinum 6-12 ára tóku þátt og voru leyst út með páskaeggjum. Síðasta mót fyrir sumarfrí var svo Héraðsmót á Akureyri þar sem 32 Völsungskrakkar mættu til leiks.

U10 og U12 ára

Íslandsmót yngri flokka í blaki

Fyrri hluti Íslandsmóts yngri flokka í blaki var haldinn í Mosfellsbæ í október. Mótið er spilað í tveimur hlutum og verður





síðari hluti mótsins spilaður í vor á Neskaupsstað og Ísafirði. Það voru því ekki krýndir íslandsmeistarar eftir fyrri hlutann. 21 iðkandi fór fyrir hönd Völsungs á mótið ásamt þjálfara og þremur fararstjórum.

Inga Björg, Guðný Hanna og Auður Ósk annars vegar og Hallgrímur Fannar, Jón Helgi, Daníel Sævar og Heiðar Gauti hins vegar, kepptu í blönduðum flokki í undir 12 ára og gerðu sér lítið fyrir og urðu í 1. og 2. sæti af 11 liðum. Úrslitaleikurinn var í raun milli liðanna tveggja og unnu strákarnir þann leik eftir æsispennandi leik og fengu þar með titilinn mótsmeistarar.

Þeir Gunnar, Magnús Ingi og Sveinn Jörundur kepptu þá í blönduðu liði Völsungs/KA í undir 14 ára flokki stráka. Liðið varð í þriðja sæti af þremur liðum en sýndi á köflum flotta takta og mikla framför eftir því sem leið á mótið. 4 af 6 strákum í liðinu byrjuðu að æfa í haust og eiga því framtíðina fyrir sér miðað við framförina á þessum stutta tíma.

Fjölmennt lið undir 14 og 16 ára stelpna tók þátt í flokki u16. Ekki náðist í sitthvort liðið og því ákveðið að spila í eldri flokki með eitt lið. Þær Brynja Rós, Guðrún Halla, Erla Þyrí, Hildur Gauja, Hjördís Inga, Jenný Birna, Katla María, Lilja Mist, Sandra María, Karen Linda og Aðalheiður Helga stóðu sig með glæsibrag þrátt fyrir að engin þeirra væri á elsta ári í flokknum og margar í U14 ára. Þær veittu öllum liðum harða keppni og enduðu í 6. sæti af 11 liðum.

Ljóst er að haldi krakkarnir áfram að æfa af sama krafti eiga þau framtíðina fyrir sér í íþróttinni og ekki langt þangað til við fáum að sjá einhver þeirra spila fyrir meistaraflokka Völsungs!



Meistaraflokkur

Kvennalið Völsungs sigraði 1. deildina nokkuð sannfærandi síðasta vetur og komst í undanúrslit í Kjörísbikarnum. Ákveðið var í framhaldinu að liðið myndi spila í úrvalsdeild í vetur. Þar hefur verið á brattann að sækja, en ungt og efnlegt lið Völsungs hefur þó náð að stríða bestu liðum landsins. Auk þess hefur verið sýndur mikill metnaður við uppbyggingu hjá meistaraflokki karla. Í vetur var skráð lið í 1.deild hjá meistaraflokki karla í samstarfi við Eflingu á Laugum. Þeir hafa verið að ná flottum leikjum í deildinni og féllu svo úr leik Kjörísbikarnum eftir rimmu við úrvalsdeildarlið HK.

Tomi sat ekki auðum höndum í sumar og fékk Blaksamband Íslands hann með í þjálfarateymi landsliða og fyrsta verkefnið voru Hæfileikabúðir BLÍ sem haldnar voru í ágúst að Varmá og Akureyri. Þar var hann yfirþjálfari U17 kvendandsliðsins og aðstoðarþjálfari hjá U19 karlalandsliðinu.

Undirbúningstímabilið byrjaði í júlí hjá meistaraflokkum Völsungs undir stjórn Tomi og þjálfar hann kvendandsliðið sem tekur nú þátt í úrvalsdeildinni og einnig þjálfar hann og spilar með karlaliðinu í 1. deild.

Í nógu var að snúast í landsliðsmálum og voru Þær Agnes Björk og Heidiðis Edda valdar að spila með u-19 liði Íslands á alþjóðþjóðlegu móti á Laugarvatni og í framhaldinu voru svo hvorki meira né minna en 9 leikmenn Völsungs valdir til að spila með U17 ára unglingslandsliðum Íslands sem tóku þátt í NEVZA móti sem fram fór í Ikast í Danmörku 18.-20. Október og voru þar landinu og Völsungu til mikils sóma.



GRILL 66

FYRIR SVANGA Á FERÐ

EL RENO OSTBORGARI OG FRANSKAR **VERÐ: 1.299 KR.**

FÁÐU AFSLÁTT

VIÐ ERUM Á OLÍS

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLT

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

STYKKISHÓLM
SKAGASTRÖND
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIÐI
DALVÍK
REYÐARFIÐI

NESKAUPSTAÐ
HELLU

SELFOSI
HÚSAVÍK

GRILL66.IS



Hjól

Árið 2021 var viðburðaríkt hjá hjólafólki og ætlum við að renna aðeins yfir það sem gert var.

Eftir góðar viðtökur á því sem gert var árið 2020 var mikill hugur í fólki að halda áfram og gera betur, farið var í mikla vinnu við að tryggja að halda mætti áfram með verkefnið okkar sem er hjólabraut frá Reykjaheiði niður að Húsavík. Norðurþing tók okkar hugmyndum vel og fengum við leyfi til að halda áfram og lengja brautina frá Botnsvatni niður að Skógargerðismel.

Einnig var farið í mikla vinnu við að leita eftir styrkjum til að verkefnið gæti haldið áfram því skalinn á verkinu var orðinn það mikill að ekki hefði verið hægt að halda því áfram bara með vinnuframlagi þeirra sem að félaginu koma, sú vinna skilaði góðum árangri og á vordögum var orðið ljóst að við gætum klárað verkefnið á komandi sumri.

Í júní mánuði var haldið áfram með brautina og seinnipart júlí var búið að fara frá Botnsvatni niður að Skógargerði og brautin orðin nothæf, lokafrágangur varð þó ekki fyrir en í ágúst þegar var farið í að setja upp merkingar, skilti og annað til að tryggja öryggi allra sem fara um svæðið. Einnig var sett upp upplýsingaskilti við byrjun brautar á Reykjaheiði þar sem farið var yfir allar helstu upplýsingar og öryggismál þeirra sem fara um svæðið.

Félagar í hjólafélaginu hafa í allri sinni vinnu reynt að haga hönnun og vinnu þannig að allir geti nýtt sér brautina, var hugsunin þannig að svokallað grænt viðhorf væri haft að leiðarljósi, en slóðar og brautir sem eru merktar sem grænar eru ætlaðar öllum aldurshópum og öllum getustigum. Það hefur tekist mjög vel og vitað er til þess að fólk, allt frá leikskólabörnum og upp í ellilífeyrisþega, hafi hjólað í gegnum brautina og látið vel af. Hvetjum við því alla til þess að skoða brautina og nýta sér þennan möguleika til skemmtunar og útivistar.

Annar merkur áfangi var einnig á þessu ári en þá var Enduro mót haldið í fyrsta skipti, var það gert í samstarfi við Hjólreiðafélag Akureyrar en fyrri keppnisdagur var á Húsavík, á laugardegi um Mærudaga, en seinni keppnisdagur var á Akureyri um sömu helgi. Keppt var á sérleið á skíðasvæðinu við Reyðarárhjúk og tveimur sérleiðum í hjólabrautinni. Almenn var mikil ánægja með þessa keppni og við viljum þakka Hjólreiðafélagi Akureyrar fyrir gott samstarf. Stefnan er sett á að halda aftur mót á þessum slóðum árið 2022.



Félagið vinnur að frekari uppbyggingu og er farin af stað vinna við að efla enn frekar möguleika til hjólreiða í landi Norðurþings, vonandi getum við komið fram með fleiri valkosti árið 2022 til að styðja enn frekar við útivist og hjólreiðar í sveitarfélaginu.

Stjórn hjólreiðadeildar Völsungs

Aðalgeir Sævar Óskarsson
Berglind Ragnarsdóttir
Edda Lóa Phillips
Gunnólfur Sveinsson
Jón Ingólfsson





Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Bestu þakkir fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.



Trésmiðjan Rein ehf

Norðurljósi óskar Völsungum og fjölskyldum

fjær og nær
gleðilegra jóla
og bjartar framtíðar
innan sem utan vallar

Áfram Völsungur!



Taekwondo



Taekwondo er kóresk bardaga-og sjálfsvarnaríþrótt. Hún er þróuð frá gamalli hernaðarlist Kóreumanna og byggist fyrst og fremst á sjálfsvörn þar sem fæturnir spila aðalhlutverkið.

Árið 2021 var erfitt ár vegna Covid19. Þrátt fyrir það höfum við æft allan tímann, stundum úti ef það var eini möguleikinn til æfinga. Það var gaman að sjá þátttöku allra iðkenda sem hafa ákveðið að æfa í gegnum þennan ákveðna tíma. Deildin okkar fékk til liðs við sig frábæra krakka frá Kópaskeri sem eru staðráðnir í að mæta til Húsavíkur á hverja æfingu. Þetta er frábært fordæmi fyrir aðra íþróttamenn, að ef þú vilt virkilega eitthvað muntu yfirstíga allar hindranir til að ná markmiðum þínum.

Í júní fengum við þann heiður að fara til Akureyrar og taka beltaprófið ásamt Þór Akureyri undir leiðsögn Mudo Gym Iceland í Reykjavík sem heppnaðist fullkomlega hjá okkur. Eftir það erum við með tvo iðkendum með rautt belti á Húsavík, sem er eitthvað sem við erum stoltir af. Um áramót er fyrirhugað annað próf sem við æfum mjög stíft fyrir.

Við höfum tekið upp samstarf við Taekwondo klúbbinn á Akureyri og þökk sé því höfum við tækifæri til að æfa saman. Okkur langar að taka þátt í keppni á vegum Taekwondosambands Íslands á næsta ári og gera Taekwondo sýnilegra og vinsælara á Húsavík.

Við vonumst líka til að koma á samstarfi við einhvern styrktaraðila til að kaupa nauðsynlegan búnað fyrir æfingar hvað varðar keppnir.

Við þökkum öllum iðkendum fyrir samstarfið og óska ég ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári! Áfram Völsungur!



**F.h. Taekwondodeildar Völsungs
Marcin Florczyk**



* Jólakveðja *

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og
fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og
landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Þingið
Hrunabúð SF



Gleðileg jól
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF EHF



VIÐ ÓSKUM VÖLSUNGUM, ÍBÚUM
NORÐURÞINGS OG LANDSMÖNNUM
ÖLLUM

*Gleðilegra
jóna*

OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI.
VIÐ ÞÖKKUM FYRIR LIÐIÐ ÁR OG
HLÖKKUM TIL SAMSTARFS Á
KOMANDI ÁRI.



PCC
Bakki Silicon





Gleðileg jól
og komdu fagnandi ~~2021~~

2022



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Reykjavík | Akureyri | Húsavík | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar | Selfoss | Reykjanesbær



Fræðsla fyrir alla!

Á fræðsluvef Íslandsbanka finnur þú áhugaverð myndbönd, fræðandi greinar, góð ráð og upplýsingar um fræðslufundi

islandsbanki.is/fraedsla



Fimleikar



Jóla- og nýárskeið frá fimleikadeildinni

Eins og gefur að skilja hefur starf fimleikadeildarinnar verið fremur rólegt síðastliðið ár. Iðkendur eru um 40 talsins og æfa í þremur hópum einu sinni til þrisvar í viku eftir aldri og getu. Við höfum einbeitt okkur að gólfæfingum, stökkum og dansi að undanförunu.

Í vor höldum við glæsilega vorsýningu þar sem þemað voru dansar og tónlist úr kvikmyndinni The Greatest Showman. Krakkarnir dönsuðu og léku listir sínar auk þess sem krakkar úr Tónlistarskóla Húsavíkur voru með nokkur tónlistaratriði og foreldrar komu krökkunum á óvart og hentu í eitt dansatriði. Frjáls framlög voru við innganginn og söfnuðust um 30.000 krónur sem fóru í tækjasjóð deildarinnar. Næsta vor verður haldin ný sýning með nýju þema. Þið getið byrjað að láta ykkur hlakka til.

Í október fórum við með 20 iðkendur og heimsóttum fimleikadeild Hattar á Egilsstöðum. Þar fengu þau að æfa í frábæru nýju fimleikahúsi sem reist var fyrir rúmu ári síðan. Eftir æfinguna bauð fimleikadeildin stelpunum í pizzahlaðborð og flestir fóru svo í sund áður en heim var haldið. Krakkar og þjálfarar voru mjög kátir með ferðina og vonumst við til að geta endurtekið hana á vordögum. Það er að sjálfsögðu draumur okkar í fimleikadeildinni að geta reist svona aðstöðu einn daginn þar sem sífellt þrengist að æfingartímum í höllinni, mikill tími fer í að setja tækin upp og ganga frá þeim og erfitt getur verið að endurnýja tæki þar sem ekki er gert ráð fyrir því að fimleikagólf sem framleidd eru í dag séu tekin upp eftir hverja æfingu, það er einfaldlega of tímafrekt.

Okkur hefur ekki gefist tækifæri til að keppa á mótum þar sem lítið er um mót sem henta litlum deildum eins og fimleikadeild Völsungs. Við skoðuðum að fara á Eurogym sem verður haldið í Sviss á næsta ári en því miður erum við ekki með nógu marga þátttakendur 11 ára og eldri til að geta tekið þátt að þessu sinni. Við munum klárlega hafa það á bak við eyrun á næstu árum. Þetta er draumur sem við viljum stefna að og hentar okkar deild. Þátttakendur í Eurogym koma með sýningaratriði auk þess sem hægt er að velja úr fjölbreyttum námskeiðum. Meiri áhersla er lögð á fjölbreytileika en keppni.

Yfirþjálfarinn okkar hún Iolanda Filipa Simones Fernandes hefur haft veg og vanda að þjálfun barnanna síðastliðin fjögur ár. Hún kemur frá Portúgal en hefur búið á Húsavík frá því 2017. Iolanda æfði loftfimleika (acrobatic gymnastics) sem barn og unglingur í heimalandinu og vann meistaratitla þrjú ár í röð bæði í hóp og einstaklingsæfingum. Hún hefur þjálfað fimleika, þolfimi og annað í 14 ár. Við erum lolöndu afar þakklát fyrir þann drifkraft og áhuga sem hún hefur komið með í fimleikaþjálfunina á Húsavík.

Sara Kristín hefur æft fimleika frá sex ára aldri og tók hún 1. stig í þjálfaramenntun ÍSÍ núna í haust. Hún hefur aðstoðað við þjálfun frá 13 ára aldri og þjálfar nú byrjendahóp og framhaldshóp með lolöndu.


Sara Dögg, Elín Anna og Ríkey sem hafa þjálfað hjá okkur síðastliðin ár héldu til annarra starfa í vor og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið. Á síðasta ári vorum við svo ljónheppin að fá Hrefnu Maríu til liðs við okkur en hún var þá nýflutt frá Danmörku með marga meistaratitla í stökkfimleikum (tumbling) í vasanum. Við þökkum henni einnig kærlega fyrir aðstoðina á árinu.

Í haust auglýstum við eftir fleiri þjálfurum þar sem svo margar héldu í nám út fyrir bæjarsteinana og fengum þær Svanhildi Helgu Berg og Ögu Barböru til liðs við okkur.

Þær eru að þjálfa leikskólahópinn og koma að þjálfun hinna hópana þegar þess þarf. Einnig aðstoða Brynja og Marta með yngri hópana en þær eru að æfa með framhaldshópnum.

Fimleikadeildin hefur haldið jólamarkað í desember undanfarin ár og í ár bauðst okkur að halda hann í samstarfi við Húsavíkurstofu í Hvalasafninu. Markaðurinn er haldinn 27. nóvember og 11-12 desember. Fimleikadeildin selur heita drykki og piparkökur og inn í hvalasafninu eru sölubásar með fjölbreyttu handverki til sölu. Planið er að þessi jólamarkaður verði árlega í samstarfi við Húsavíkurstofu og vonumst við til þess að hann eigi eftir að vaxa og dafna á næstu árum.

**Með jóla- og nýárskeiðjum fyrir hönd fimleikadeildar Völsungs,
Unnur Ösp Guðmundsdóttir**



Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holleh@holleh.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



SJÓVÁ

Heimabakarí óskar
Völsungum
sem og öðrum
Þingeyingum
gleðilegra jóla

Þökkum viðskiptin
á liðnu ári!



Óskum viðskiptavinum okkar
og öðrum Þingeyingum
Gleðilegra jóla og farsældar
á nýju ári.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða



Sögubrot af Völsungi

Keppnisferð til Akureyrar árið 1953

Júlíus Stefánsson (fv.form. knattspyrnudeildar Völsungs og leikmaður með Völsungi) færði félaginu þessa skemmtilegur sögu af ferð 3.flokks til Akureyrar 1953. Áhugavert er að lesa þetta og sjá hvernig hlutirnir hafa breyst á 68 árum.

Sumarið 1953 í byrjun ágúst fór 3.flokkur karla í knattspyrnu til Akureyrar og keppt var bæði við KA og Þór í þessari ferð.

Við fórum með rútu mjög líklega P-22, Chevroletbíl Valda Halldórs. Á laugardagsmorgun klukkan níu var lagt af stað og þar sem ferðin til Akureyrar tók tvo tíma á þessum árum hraðbrauta, komum við til Akureyrar vel fyrir hádegi og ókum beint að Íþróttahúsinu við hliðina á sundlauginni, ofan við Gilið. Þar losuðum við okkur við farangurinn, svefnpoka, fótboltaskó og eitthvað fleira og dreifðumst svo til ættingja og/eða vinafólks, þar sem við vorum í fæði þessa tvo daga. Við spiluðum við 3.flokk Þórs kl.16:00 sama dag og við 3.flokk KA daginn eftir, á sunnudegi kl.14:00

Leikmannahópurinn var þannig skipaður:

- | | | |
|--------------------------|---|-----------------------|
| 11. Stefán Guðjónsen | 9. Eiður Guðjónsen | 7. Ingvar Þorvaldsson |
| 10. Óskar Þórhallsson | 8. Ármann Sigurjónsson | |
| 6. Þórhallur Þorvaldsson | 4. Snær Karlsson | |
| 5. Júlíus Stefánsson | | |
| 3. Maríus Gunnarsson | 2. Guðbjartur Þormóðsson
eða Agnar Kárason | |

1. Ólafur Helgason (markvörður)

Varamenn: Hafliði Jósteinsson, Pétur Bjarnason

Leikirnir fóru fram á hliðarvelli við aðalleikvanginn, sem er enn í dag sá sami og liggur eins og Eyjafjörður frá norðri til suðurs

Á laugardeginu spiluðum við, við Þór og unnum leikinn 3-2. Ég man ekki hverjir gerðu mörkin nema að ég heyri ennþá hvernig Eiður sagði "meira að segja Stefán gerði mark" en hann bjóst ekki við miklu af bróður sínum og lág ekki á skoðunum sínum þá frekar en nú.

Það var sólskin og fínt veður á sunnudeginum, þegar við spiluðum við KA. Það var sama lið og á móti Þór. Það var afar sjaldgæft að einhver meiddist og þyrfti útaf í þá daga.

Um miðjan fyrri hálfleikinn sendi Ármann háan bolta í áttina að markinu, nærri því frá miðlinu og boltinn sveif og sveif og þar sem við spiluðum á undan sólinni hafði markmaður KA sólina í augun og sá því ekki hvernig boltinn endaði í netinu. Sennilega væri þetta kallaður "banabolti" en við höfðum aldrei heyrt minnst á það.

Ég man ekki hver fór með okkur í þessa ferð en í uppskriftarbók Villa Páls að mörkum er þessi lýsing til. Vilhjálmur sagði okkur oft að þessar aðstæður skyldum við nýta.

Í leikhli kom í ljós að varamennirnir voru ekki á vellinum, en þar sem við vorum marki yfir var ákveðið að fara ekki að leita að félögum fyrr en að leik loknum. Við þurftum ekki að leita, því að þeir voru á bekknum þegar við snérum af vellinum, vel stemmdir eftir sigurinn.

Við skulum aðeins átta okkur á því að leikurinn hófst klukkan tvö, stutt var á Torgið á Akureyri þar sem bíóin voru og þeir sáu sér leik á borði og skruppu í þrjúbíó en hafa ekki séð nema hálfra myndina þar sem þeir voru komnir á bekkinn fyrir leikslok. Sennilega hafa þeir haldið að enginn uppgötvaði "glæpin". Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að átta sig á hvað þetta var mikil freisting. Engar líkur á að þeir þyrftu inná og Roy Rogers í þrjúbíó.

Að þessu loknu fórum við hver í sína áttina til að fá hressingu eftir leikinn t.d. mjólk og rúsínubrauð og þakka fyrir okkur og kveðja. Ég var í fæði hjá Katrínu Kristjánsdóttur og Erlingi Davíðssyni, blaðamanni og ritstjóra Dags. Á meðan ég drakk mjólkina forvitnaðist Erlingur um leikina og þá rann upp fyrir mér hver hann var og hann sagði að úrslit leikjanna myndi birtast í næstu útgáfu blaðsins.

Okkur leiddist ekki á heimleiðinni eftir sigurför og á þessum árum vorum við í fótbolta á hverjum degi langt fram á haust, til loka september.

Ég efast um að nokkur 3.flokkur fótboltastráka frá Völsungi hafi síðan farið til Akureyrar og unnið bæði Þór og KA í sömu ferðinni og varamennirnir hafi meðan á leik stóð farið í þrjúbíó.



Hér er ungt lið Völsunga tekið á Sauðákróki. Ekki er vitað ártalið á þessari mynd en líklegt er að myndin sé tekin á seinni hluta sjötta áratugarins en við látum hana fylgja með sögunni af sigurför 3.flokks til Akureyrar árið 1953. Sex leikmenn fóru og spiluðu leikina eða fóru í bíó á Akureyrar. Nefna má að búningar félagsins voru á þessum árum; dökkgrænir með svörtum kraga, svartar buxur og svartir sokkar.

Aftari röð f.v.: Snær Karlsson, Eiður Guðjónsen, Pétur Bjarnason, Gunnar Alfreðsson og Hafliði Jósteinsson. Að framan f.v.: Pétur Stefánsson, Matthías Sigurðsson, Hörður Þórhallsson, Guðbjartur Þormóðsson, Hörður Arnórsson og Júlíus Stefánsson.

Gert 30. apríl 2019,

Júlíus Stefánsson.

Fagmaður á heimavelli

Pacta lögmennt óska íbúum
Norðurlands gleðilegrar hátíðar

Hallgrímur Jónsson
lögmaður

Hallgrímur Jónsson lögmaður Pacta á Húsavík veitir Húsvíkum og Þingeyingum öllum almenna lögfræðiráðgjöf og þjónustu. Skrifstofan okkar er að Garðarsbraut 26, Framsýnarhúsinu, 2. hæð og opnunartími frá kl. 8 til 16 alla virka daga.

Hjá Pacta lögmenntum starfa á þriðja tug lögfræðinga og lögmanna á 14 starfsstöðvum víða um land. Pacta veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum alhliða lögfræðisþjónustu og ráðgjöf.

■ Hafðu samband við Hallgrím í síma 440 7900 og 789 2160
eða á netfangið hallgrimur@pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N

Meistaraflokkar í knattspyrnu

Sumarið hjá meistaraflokki karla var allt að því frábært. Liðinu óx fiskur um hrygg í allt sumar og sannarlega leiðrétti sig frá fyrra sumri. Frábær blanda leikmanna sem unnu vel fyrir hvorn annan og voru allt fram að lokaflokki sumarsins í baráttu um sæti í Lengjudeild. Mikið erum við í knattspyrnuráði stoltir af okkar strákum og þjálfarateymi sumarsins. 3.sæti lokaniðurstæða, 40 stig í pöknum góða og bara stigi frá 2.sæti.

2.flokkur tók þátt í bikarnum eins og undanfarin ár og átti velgengni að fagna þar. Rúlluðu upp Austurlandi öllu 3-0 á útivelli og sigruðu nágranna okkar í KA 2-1 með sigurmarki á lokamínútu. Það var ekkert eðlilega fallegt og mikil reynsla sem féll okkar piltum í skaut með að fara þetta langt í bikarnum. Féllum svo út í 8-liða úrslitum gegn sterku liði FH sem endaði sem bikarmeistari. Geggjaðir piltar í 2.flokki okkar.

Langmarkahæsti maður 2.deildarinnar í Sæþóri Olgeirssyni og hefur Völsungur aldrei skorað fleiri mörk á einu sumri. 20 í deild, 26 með bikar. Bjarki Baldvinsson er orðinn leikjahæsti leikmaður í sögu Völsungs með 277 leiki. Spilamennska liðsins var frábær á lengstum köflum hjá liðinu okkar. Þetta á ekki að verða mikil upptalning einstaklinga en hver einn og einasti leikmaður fékk mínútur á vellinum í sumar. Mismiklar vissulega, en menn lögðu vel inn í reynslubankann og stóðu sig vel.

Sæþór var svo kosinn besti leikmaður 2.deildar í sumar og var í liði ársins hjá fotbolti.net ásamt Bjarka. Fjölmargir leikmenn okkar fengu atkvæði í liði ársins, auk þess sem Jói fékk þjálfari ársins og Rafnar Máni Gunnarsson fékk atkvæði sem sá efnegasti í deildinni. Sæþór var kosinn bestur af liðsfélögum sínum, Rafnar efnegastur og Bjarki var Völsungur ársins.

Við þökkum þeim fjölmörgu sjálfbodaliðum sem lögðu sitt á vogaskálarnir í sumar – hvort sem það var sjöppuvakt, akstur, búningapríf, miðasala, grill eða hvaða verk sem þurfti að sinna. Þjálfaranum Jóa og meðteyminu Boban, Jónu Birnu, Birni Hákonni, Jónasi og Stefáni Óla þökkum við kærlega fyrir sitt framlag. Leikmönnum öllum sem allt sitt gáfu í verkið frá því snemma síðasta haust og vissulega töluvert mikið lengur, innlegt þakklæti fyrir samstarfið.

Jóhann Kristinn þjálfari tilkynnti svo að hann væri hættur þjálfun liðsins rétt eftir að tímabili lauk. Við þökkum honum kærlega fyrir samstarfið en Jói stýrði liðinu í 5 ár í þessari lotu og þar áður í 3 ár. Nafn Jóa er sannarlega vel þrykkt í sögu Völsungs en hann hefur verið við stjórnvölin í um 20% deildar- og bikarleikja karlaliða Völsungs í sögu félagsins. Hann hefur unnið ötul og óeigingjarnt starf fyrir félagið og í honum er gríðarlega mikil eftirsjá. Jóa þökkum við kærlega fyrir samstarfið og hans gríðarstóra Völsungshjarta. Við eigum eftir að sjá hann aftur hjá okkur!

Þegar þessi pistill er ritaður hefur leit að eftirmanni Jóa ekki enn borið árangur. Málin hafa verið skeggrædd mikið og við marga verið rætt um starfið. Við vonumst eftir að geta tilkynnt ráðningu nýs þjálfara fljótlega ásamt undirritunum leikmannasamninga.

Við munum koma sterkari til baka næsta sumar og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið í knattspyrnunni á Húsavík undanfarin ár.

ÁFRAM VÖLSUNGUR!



Meistaraflokkur kvenna árið 2021

Árið 2021 var að mörgu leiti gott ár hjá mfl.kvk í knattspyrnu.

Við byrjuðum æfingar óvenju seint, eða í byrjun árs, vegna pestar sem hefur herjað á heimsbyggðina. Mjög fljótlega eftir að æfingar hófust tókum við þátt í Kjarnafæðimótinu. Þar spiluðum við 5 leiki og enduðum í 3.sæti á eftir báðum liðunum sem spiluðu í Pepsí Max deildinni í sumar.

Næsta mót átti svo að vera Lengjubikar og eins og árið á undan var það flautað af útaf covid og í kjölfarið kom æfingabann á okkur og stelpurnar þurftu því að fara að æfa sjálfar. Gerðu það eins og áður af mikilli fagmennsku og kvörtnuðum ekki neitt.

Úr covidinu var svo stutt í Íslandsmót. Við náðum einum æfingaleik áður en alvaran var flautuð á þann 13.mai í Reykjavík á móti SR. Sá leikur fór ekkert alltof vel af stað og þurftum við að harka endurkomu sigur 2-1. Þar byrjaði svolítið sagan sumarsins. Karakters sigar út um allt og toppbarátta framundan. Næsti leikur var þó bikarleikur og var uppskriftin svipuð. Jöfnunarmark á lokamínútu og svo sigurmark í lok framlengingar, karaktersigur. Ef við klárum Bikarinn af þá drógumst við á móti Val á heimavelli. Eins og flestir vita eru Valskonur eitt af sterkustu liðum landsins og enduðu sem Íslandsmeistarar í sumar. Leikurinn varð hin mesta skemmtun og gátu þær grænu svo sannarlega gengið sáttar frá borði eftir þennan leik.

Deildin hélt áfram og eftir 4 sigurleiki í upphafi móts kom fyrsta tapið í deildinni. Stelpurnar voru ekki að dvelja of lengi við það tap þar sem þær snéru við taflinu strax í næsta leik og töpuðu ekki leik það sem eftir lifði móts. Gerðu 2 jafntefli og unnu alls 9 leiki. Það dugði í 2.sæti rétt á eftir nágrönnum okkar að austan, sameiginlegu liði Fjarðarbyggðar, Hattar og Leiknis.

Því miður dugði það ekki til þar sem af einhverjum undarlegum ástæðum var spiluð úrslitakeppni og því ekkert lið tryggt upp um deild.

Við háðum því einvígi við Fjölni um hvort liðið færi upp um deild. Eftir erfiðan fyrri leik þar sem 2-0 tap var niðurstaðan var komið að Fjölni að heimsækja okkur. Við vorum nokkuð brattar fyrir leik þrátt fyrir erfiða stöðu. Við vissum það að við hefðum unnið alla okkar heimaleiki til þessa og töldum okkur því ennþá í dauðafæri á að fara upp um deild.

Við skoruðum snemma og því einvígið strax galopið. Upp úr miðjum seinni hálfleik skoruðum við svo aftur og staðan í einvíginu því orðin jöfn. Þegar um 10 mínútur lifðu leiks kom svo þriðja markið og við það lið sem var á leið upp um deild. Frábær viðsnúningur sem ekki margir höfðu búist við þó svo að stelpurnar hafi aldrei misst trúna.

Á lokamínúttunni náði hinsvegar Fjölnir að skora mark og rífa okkur aftur niður á jörðina og gera vonir okkar um það að fara upp um deild að engu.

Pungur hnífur sem var virkilega erfitt að kyngja. Margar tilfinningar brjótast upp á augnabliki sem þessu. Ósanngirnin, svekkjelsið, vonleysi og svo mætti lengi telja áfram. Okkar hlutskipti þetta tímabilið var að sitja eftir með sárt ennið.

Það var þó einn leikur eftir. Við þurftum að renna á Sauðárkrók að spila við Fram um 3.sætið í deildinni. Þann leik sigruðum við auðvitað og mjög jákvætt og gott að enda á góðum sigri þó hann bæti ekki upp fyrir svekkjelsið að hafa ekki klárað það að fara upp úr deildinni að þessu sinni.

Á lokahófi eftir tímabil var Sarah Elnicky valin leikmaður ársins, Sigrún Marta Jónsdóttir var valin efnilegust og Árdís Rún Þráinsdóttir var valin Völsungur ársins.

Að halda úti meistaraflokki kvenna í knattspyrnu á eins litlum stað eins og á Húsavík getur verið mjög erfitt og er ekki sjálfsagt. Við horfum á marga „Stærri“ klúbba sem eru ekki að gera þetta eins vel og er gert hjá litla Völsa. Það er hagrur allra að halda úti sem bestu starfi í meistaraflokki og skora ég því á sem flesta sem stendur ekki á sama að leggja eitthvað a vogarskálarnar. Setja sig í samband og taka þátt í að gera umhverfið og aðstæður eins góðar og hægt er.

Völsungur er ekki bara þeir 11 leikmenn sem eru inn á vellinum hverju sinni. Það eru fleiri leikmenn á bakvið lið. Það eru þjálfarar, stjórnir og sjálfbóðaliðar. Það eru ótal hlutverk sem skapa lið og það eru aldrei nóg of margar hendur til að hjálpa til.

Lítið hlutverk getur hjálpað svo mikið í stóra samhenginu.

Litli fámenni Völsungur setur undir sig hausinn aftur á næsta ári og mun gera aðra atögu.

Ætlar þú að vera með?

Að lokum langar mig að þakka leikmönnum, stjórn og öllum þeim sjálfbóðaliðum sem komu að því að gera þetta tímabil eins skemmtilegt og það var!



**Til allra Völsunga nær og fjær.
Gleðileg Jól og farsælt íþróttarár**



*HLÚJAR
JÓLAKVÆÐJUR*



**ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR**